Skýringar vegna eldvarna:

Handslökkvitækjum skal koma fyrir í húsinu í samráði við eldvarnaeftirlit.
Neyðarljós merkt ÚT-EXIT skulu vera við alla neyðar og útgönguleiðir staðsett í samráði við eldvarnaeftirlit.

Skýringar á táknum teikninga.

F-30 Táknar eldvarnarhurð, og eða eldvarnarvegg, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál. Gler í F-30 hurðum og gluggum skal vera samþykkt af Brunamálastofnun ríkisins.

B-30 Táknar eldvarnarhurð, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

BO. táknar ljósgeislaop, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

B. nr. Brunahólf númerað.

R. Reykskynjari, staðsetjist samkvæmt teikningu.

Sl.kv. Slökkvitæki og annar brunavarnabúnaður staðsetjist í samráði við Eldvarnaeftirlit.

Brunaslanga, vatnsfyllt. 25 m. staðsetjist í samráði við Eldvarnaeftirlit.



GRUNNMYND 2 HÆÐ. MKV. 1:100.

Byggingarlýsing / verklýsing:

Húsið er staðsteypt á hefðbundinn hátt.
Aðalburðarvirki hússins (steinsteypa og þakvirki) skulu hönnuð fyrir að mynsta kosti 60 mínútna brunaþol.
Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á þjappaðri hraunfyllingu.
Útveggir staðsteyptir 180 mm. einangrun 100 mm. múrhúð 20 mm.
Gólf efri hæða eru staðsteypt "Kassettu" loft.
Þak/ þakhæðir eru myndaðar úr stálbitum, stálbitarnir skulu einangraðir með 50 mm steinnull og klæddir með 13 mm gifsplötum (vegna eldvarnar).
Sperrur 50 * 200 mm c/c 600 mm, eru festar við bita með stálvinklum og steyptar festar í þrýstveggi.
Lektur 38 * 100 mm c/c 600 mm, þak er heilklætt með 25+150 mm borðviði, lagt þakpappa (undirlagspappa) og álímt yfirpappa (asfaltpappi). þakeinangrun 180 mm (þakull), með vindvörn, fest með stálþræði, rakavarnarlag, afréttingargrind og 13 mm gifsplötuklæðning.
Veggir aðrir en steyptir veggir eru a.m.k. A-60 og B-60 eldhindrandi veggir.
Múraðir hlaðnir, A-60 veggir, eldi berandi veggir milli einstakra eininga, eru uppbyggðir sem hér segir:
70 mm hlaðin vikurveggur, múrhúðaður beggja vegna með 15 mm múrhúð.
Léttir veggir, A=60, léttir milliveggir á milli einstakra eininga eru uppbyggðir sem hér segir:
75 mm blikkgrind fyllt með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 2 * 13 mm gifsplötum.
Loftplata / þakplata. Lárétt þak slétt plata yfir verslun á fyrstu hæð:
Burðarvirki er staðsteypt kassettuloft. Á steypta plötu leggst rakasperra, 200 mm þéttpressuð steinull, þakvirkis og þappafrágangur samaber þök hússins.
Frágangur steyptra lofta: Að hluta til eru loftin tekið niður með kerfisloftum og að hluta til eru loftplötumar sýnilegar, málaðar.
Húsið verður hitað með miðstöðvarofnum og gólfhita að hluta.

LR. táknar loftræsting.
Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanl. glugga,
lokuð innrými eru loftræst með vélrænni loftræstingu.

Skýringar vegna ferlimála.
Allar innihurðir nema hurðir á snyrtingar og ræstingar eru 900 * 2000 mm.
Hurðir á snyrtingum fatlaðra opnast út og eru 900 * 2000 mm.
Í stigahúsi aðalinngangs er lyfta sem er aðgengileg fyrir hjólastóla.

Sérstakar skýringar vegna einangrunar:
Botnplata er einangruð með 50 mm þéttpressuðu einangrunarplasti, veggir sökkla eru einangraðir 50 sm niður fyrir plötu með 75 mm einangrunarplasti.
Útveggir eru einangraðir með 100 mm einangrunarplasti.
Þak er einangrað með 180 mm steinullareinangrun.
Í gluggum er tvöfalt einangrunargler (12 mm loftbil í fóstum gluggum en 9 mm loftbil í opanlegum gluggafögum og hurðum).
Að öðru leiti skal miða við að kólnunartölur einstakra byggingahluta séu í samræmi við Íst-66.



HLUTAMYND A-60 VEGGUR MKV. 1:5.

KLÆÐNING 2 X 13 MM GIFS.
BLIKKSTOÐIR 35X 70 C/C 60 SM.
75 MM. ÞÉTTULL.
KLÆÐNING 2 X 13 MM GIFS.

BREYTT Í JÚNÍ 1996.
BREYTT Í NÓV. 1996.
VÉLSTAÐIÐ Í FEB 97 SÞ
BÞEYTT OG YFIRFARIÐ Í ÁGÚST 97 SÞ.
BREYTT Í OKTÓBER 1998.
BREYTT Í NÓV. 1998.

2/12 99 breytt fyrir rými á 2hæð.
Sigurður Þorvarðarson